



FUNDARGERÐ

119 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 26. ágúst í 2015 kl.10.30 að Bjargarsteini í Grundarfirði

Mætt voru; Ingveldur Guðmundsdóttir, Rakel Óskarsdóttir, Valgarður Jónsson, Kristín Björg Árnadóttir, Sif Matthíasdóttir, Sigurður Páll Jónsson, Björgvin Helgason, Eggert Kjartansson, Rósa Guðmundsdóttir, Árni Hjörleifsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Magnús Smári Snorrason. Magnús mætti í forföllum Bjarka Þorsteinssonar, Sigríður í forföllum Guðveigar Eyglóardóttur, Sigurður Páll í forföllum Hafðísar Bjarnadóttur og Rósa í forföllum Eypórs Garðarssonar. Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri, Ólafur Sveinsson og Hrefna B. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður, Ingveldur Guðmundsdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Framlögð fundargerð frá 118 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 118. fundi stjórnar SSV dags. 30.06. til staðfestingar. Samþykkt.

2. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna á rekstrarsvæði SSV eftir fyrstu sjö mánuði ársins. Reksturinn hefur gengið þokkalega í sumar og hefur dregið verulega úr þeim rekstrarhalla sem var eftir fyrstu fimm mánuði ársins.

Fyrirspurn kom fram um áhrif samþykktar breytinga á vetraráætlun. Í svari framkvæmdastjóra kom fram að áætlað er að breytingarnar leiði til lækkunar á rekstrarkostnaði um tæpar 500 þús. kr. á mánuði.

Þá var rætt um akstur einstakra fyrirtækja á akstursleiðum landshlutasamtakanna á landsbyggðinni. Síðastliðið sumar kærðu SSV og SASS akstur aðila á sérleiðum landshlutasamtakanna, en Samgöngustofa taldi að ekki væru úrræði í lögum um hvernig taka bæri á kærinni. Síðastliðin vetur var lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um fólksflutninga í atvinnuskyni, en frumvarpið hefur ekki ennþá hlotið afgreiðslu þingsins. Í sumar hefur sami aðili ekið á akstursleiðum landshlutasamtakanna og kærður var 2014.

Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að fela lögmanni að skoða réttarstöðu SSV í þessu máli og kalla eftir samfloti við önnur landshlutasamtök.

3. Vesturlandsstofa

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað frá fundi forstöðumanns, bókara og stjórnar Vesturlandsstofu sem fram fór 29. Júní s.l.

Jafnframt var lagt fram bréf frá Ferðamálastofu um breytt fyrirkomulag við samningsgerð hvað varðar svæðisbundið samstarf á sviði ferðamála. Ferðamálastofa hefur kynnt drög að nýjum samningum við landshlutana þar sem stuðningur við upplýsingamiðstöð og markaðsstofu verða í einum samningi í stað tveggja áður. Þessi tillaga hefur fengið misjafnan hljómgrunn í landshlutunum, en ljóst að hún fellur ágætlega að skipulagi á starfsemi Vesturlandsstofu. Einnig er rakið í erindi frá Ferðamálastofu hugmyndir um að fulltrúar hennar fái sæti í fagráðum/samstarfsvettvöngum landshlutana.

Stjórn SSV telur mikilvægt að fundað verði með innanríkisráðherra um hlutverk og rekstur markaðsstofa áður en lengra er haldið.

4. Haustþing SSV 2015

Lögð fram endurskoðuð drög að dagskrá fyrir Haustþing SSV sem fer fram 7. október að Hótel Glymi í Hvalfjarðarsveit. Stjórnarfundur verður haldinn 6. okt. á sama stað. Undir þessum lið varð umræða um samskipti stjórnar SSV við þingmenn Noðrvestur kjördæmis og kom fram í umræðunni áhugi stjórnarmanna fyrir því að leita leiða til að styrkja það samstarf.

Stjórn gerði ekki athugasemdir við framkomin drög að dagskrá.

5. Fjárhags- og starfsáætlun SSV fyrir árið 2016.

Fjárhagsáætlun og starfsáætlun var frestað á aðalfundi til haustþings. Vinna við fjárhagsáætlun er komin ágætlega af stað en um er að ræða vinnu við útkomuspá fyrir árið 2015 og áætlun fyrir árið 2016 með greinargerð. Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun um áframhaldandi vinnu við fjárhagsáætlun og starfsáætlun og þátttöku stjórnar í þeirri vinnu áður en gögn verða send sveitarstjórnnum.

Stjórn samþykkti tillögu að vinnuferli, en stefnt er að því að stjórn fái áætlanirnar til umsagnar um miðjan september.

6. Fjarskiptamál á Vesturlandi

Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum við innanríkisráðuneytið um fjárveitingar varðandi Sóknaráætlunarverkefnið „Efling fjarskipta og gagnaflutninga á Vesturlandi“. Verkefnið hefur verið í gangi frá 2011 og hefur SSV litið svo á að 10 mkr standi eftir vegna verkefnisins.

Ólafur Sveinsson kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið. Hann fór yfir umræður á íbúafundi í Árbliki í Dalabyggð þar sem m.a. var fjallað um lagningu ljósleiðara úr Hörðudal í Stykkishólm sem er hluti af hringtengingu á Snæfellsnesi. Orkufjarskipti er með verkefnið og undanfarið hefur verið fundað með fyrirtækinu um möguleikana á því að leggja ljósleiðara víðar í Dölum í tengslum við áðurnefnda framkvæmda. Ekki liggur fyrir afstaða Orkufjarskipta til þess. Jafnframt greindi Ólafur frá vinnu ráðgjafa á vegum SSV og Dalabyggðar sem hefur unnið að forhönnun ljósleiðaranets í Dalabyggð.

Eggert Kjartansson greindi frá stöðu mála í Eyja- og Miklaholtshreppi, en þar er hafinn undirbúningur að lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið, en sveitarfélagið hefur m.a. átt í viðræðum við Orkufjaraskipti. Eggert lagði áherlsu á mikilvægi þess að bændur myndu ekki hleypa ljósleiðarlagningu í gegnum sín lönd nema að lagt verði heim að bæjunum og um sveitarfélagið.

Líflegar umræður urðu um ljósleiðaravæðingu á Vesturlandi og ljóst að ýmsar framkvæmdir eru í farvatninu.

7. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál. Framkvæmdastjóri greindi frá hugmyndum um fyrirkomulag á ráðningu atvinnuráðgjafa í afleysingu fyrir Einar Eyjólfsson sem er í námsleyfi. Fulltrúar Akraneskaupstaðar fylgdu eftir samþykkt bæjarráðs Akraneskaupstaðar um að atvinnuráðgjafi sem ráðinn yrði í afleysingu yrði staðsettur á Akranesi.

8. Sóknaráætlun 2015-2019

Lögð fram tillaga að áhersluverkefnum fyrir Sóknaráætlun Vesturlands 2015 – 2016. Rætt um framsetningu verkefnanna og gerði framkvæmdastjóri grein fyrir samskiptum við stýrihóp í ráðuneytinu vegna framsetningu þeirra. Í framhaldinu verður sest niður með þeim aðilum sem koma að verkefnum og nánari verkefnalýsing unnin í samstarfi við þá. Áhersluverkefnin eru:

1. Fjölgun iðnnema
2. Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu
3. Menningarstefna Vesturlands - stefnumótun
4. Ferðaþjónusta á Vesturlandi, þarfagreining og markaðssetning
5. Nýsköpun í atvinnulífi

Stjórn samþykkti áhersluverkefnin eins og þau eru fram lögð.

9. Atvinnuráðgjöf SSV

Ólafur Sveinsson verkefnisstjóri atvinnuráðgjafar SSV gerði grein fyrir helstu verkefnum í starfsemi Atvinnuráðgjafar. Hann fór yfir útgefið efni og þátttöku sveitarfélaga að hinum ýmsu verkefnum. Fjölbreyttar fyrirspurnir berast til starfseminnar en samkvæmt talningu fær atvinnuráðgjöfin yfir 6000 fyrirspurnir af ýmsu tagi á ári. Starfsemin þjónustar einnig ráðuneyti og Byggðastofnun en þaðan koma óskir um skoðun á aðstæðum er varða atvinnulíf ef þurfa þykir. Líflegar umræður urðu um starfsemi atvinnuráðgjafar SSV og hvernig hún hefur þróast en fram kom hjá ÓS að starfsemin hefði talsvert breyst með tilkomu sóknaráætlunar. Meiri vinna færi nú í umsjón og skýrslugerð vegna verkefna og hafa fyrirtækjaheimsóknir liðið nokkuð fyrir bragðið.

10. Framlögð mál

a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.

Lagt fram.

b. Samstarfsverkefni með slóvaska sveitarstjórnarsambandinu.

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnið.

c. Kynning á ráðstefnu um skipulag sveitarstjórnarmála sem fer fram í Borgarnesi 11. september n.k.

Framkvæmdastjóri kynnti.

d. Prókúra á reikninga SSV.

Samþykkt að Páll Brynjarsson, verði prókúruhafi á reikningum SSV, Menningarsamnings og Vaxtarsamnings Vesturlands hf. Prókúra Hrefnu Bryndísar Jónsdóttur standi óbreytt.

e. Fréttamaður RÚV.

Samþykkt að óska eftir rökstuðningi fyrir því að fréttamaður sem sinni Vesturlandi og Vestfjörðum verði staðsettur á Ísafirði.

Að fundi loknum var snæddur hádegisverður á fundarstað og tóku þau Rósa Guðmundsdóttir, varaforseti bæjarstjórnar, Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri og Sigurlaug Sævarsdóttir bæjarritari vel á móti stjórn SSV með veitingum í nýjum veitingastað bæjarins, Bjargarsteini.

Fundi slitið kl. 12:40.

HBJ